veitt neina bindandi leiðbeining við úrlausn þeirrar spurningar, hverjar bitter- 55
tegundir beri að heimfæra undir ákvæði hinna nýju laga og hverjar ekki. 30. maí

Utaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandann, að jeg fellst á framangreint álit yðar og er yður samdóma um, að ekki beri að heimta nú hærri toll af »Kösters-bitter« en áður en lögin frá 1899 komu í gildi.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántök-** 56
leyfi handa Kvíabekkjarprestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra 30. maí
amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 23. þ. m., og beiðni hlutaðaðeiganda vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kvíabekk, síra Guðmundur Emil Guðmundsson, taki 450 króna embættislán gegn veði í tekjum prestakallsins til að gjöra húsabætur á preststssetrinu eptir því, sem nákvæmara er tiltekið i nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. En lántökuleyfi þetta er að öðru leyti þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist á 12 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, árlegir vextir sjeu eigi hærri en 4%, og húsunum sje haldið i vátryggingu hjá áreiðanlegu vátryggingarfjelagi fyrir að minnsta kosti 800 kr. undir eptirliti prófasts. Síðari helmingur lánsins takist eigi, fyr en sannað er með skoðunargjörð þeirra manna, er prófastur tilnefnir eður tekur gilda, að húsagerðinni sje að fullu lokið og í áskildu standi.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Seyðisfirði* **um toll á** 57
„Kraüterwein“. — Í brjefi, dagsettu 1. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, 5. júní
spurzt fyrir um það, hvernig tolla beri svonefnt »Kraüterwein«, sem flutzt hafi til Seyðisfjarðar 19. apríl þ. á.

Eptir lýsingunni á »Kraüterwein«, sem fylgdi brjefi yðar, og er frá fabrikantinum sjálfum, er þetta »Kraüterwein« samsett af vintegundum, vínanda, glycerini, berjasafa og jurtum. Það er drukkið blandað með vatni, og er ætlazt til að það örfi eða bæti meltinguna. Það er selt í lyfjabúðum á Þýzkalandi og bendir það ennfremur á, að hjer sje um einskonar bitter eða bitterefni að ræða.

Jeg fæ því eigi sjeð, að það geti leikið hinn minnsti efi á því, að hjer sje um bittertegund að ræða, sem áður hafi verið tollfrjáls, sbr. ráðgjafabrjef 21. ágúst 1886 (Stj.tíð. 1886, B, bls. 126), en nú eigi að tolla samkvæmt lögum frá 11. nóvbr. 1899 um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilskip. 26. febr. 1872.

Að því leyti, sem þjer óskið leiðbeiningar um það, hvort tolla skuli »genever« sem önnur vínföng eða sem 8° brennivín, skal þess getið, að »gene-